

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr.:

- a) Orðið „eldisfiskar,“ í orðskýringunni á dýr fellur brott.
- b) Orðið „heili,“ í orðskýringunni á áhættuvefir fellur brott.

#### 2. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í orðskýringunni á rekstrarleyfi í 2. gr. og hvarvetna annarsstaðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

#### 3. gr.

Orðin „slikra dýra“ í b-lið 3. gr. og a-lið 4. gr. falla brott.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr.:

- a) I-liður 4. gr. orðist svo: Innihald meltingarvegjar.
- b) Nýr liður bætist við upptalningu á 1. mgr. sem orðast svo: l) Heili úr sauð- og geitfé yngra en 13 mánaða.
- c) Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar skal leifum sem falla undir skilgreiningu I-liðar safnað saman og þær fluttar til eyðingar í brennsluofni eða á viðurkenndan urðunarstað þar sem þær skulu urðaðar þannig að jarðlag sé a.m.k. einn metri. Öll önnur ráðstöfun er aðeins heimil með samþykki Matvælastofnunar.

#### 5. gr.

Í stað 4., 5., 6., 7. og 8. mgr. 8. gr. koma eftirfarandi málsgreinar:

Heimilt er að nota kjötmjöl og tólg í fôður fyrir loðdýr, sem í eru aukaafurðir úr 2. áhættuflokki, enda falli þær ekki undir c-, d- og i-lið 4. gr. Umbúðir þeirra afurða skal merkja greinilegri áletrun um að bannað sé að nota þær fyrir önnur dýr en loðdýr.

Kjötmjöl og molta sem framleidd er úr slátur- og dýraleifum úr 2. og 3. áhættuflokki má nota sem áburð. Kjötmjöl og molta sem framleidd eru úr slátur- og dýraleifum úr 2. og 3. áhættuflokki má þó ekki nota sem áburð eða á annan hátt á:

- a) vatnsverndarsvæðum,
- b) land eða í gróðurhúsum þar sem ræktuð eru matvæli eða hráefni fyrir matvælaíðnað,
- c) land til beitar fyrir dýr,
- d) land til fôðurframleiðslu.

A.m.k. tíu ár skulu líða frá notkun kjötmjöls eða moltu á land þar til heimilt er að rækta matvæli, leyfa beit búfjár eða öflun fôðurs á viðkomandi landi.

Umbúðir áburðar úr kjötmjöli og moltu sem innihalda slátur- og dýraleifar skulu merktar með eftirfarandi áletrun: „Lífrænn áburður eða jarðvegsbætandi efni – Má ekki nota á vatnsverndarsvæðum né til að rækta matvæli eða á land til beitar fyrir dýr eða á land til fôðurframleiðslu – A.m.k. tíu ár skulu líða frá notkun þar til heimilt er að leyfa ræktun matvæla, beit búfjár eða öflun fôðurs á landi sem kjötmjölið/moltan er borin á“.

Skylt er að blanda kjötmjöl sem fyrirhugað er að nota sem áburð með efnunum sem útiloka notkun þess sem fôður fyrir dýr.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. gr.:

- a) orðin „búfé er á beit eða á landi þar sem fôðurs er aflað og“ í 1. mgr. falla brott.
- b) í stað orðsins „tvö“ í 1. mgr. kemur: tíu.

- c) Fyrirsögn 9. gr. verður: Skráning á nýtingu áburðarafurða frá kjötmjolsverksmiðjum og jarðgerðarstöðvum.

7. gr.

Í stað orðanna „úr 2.“ í 2. málslíð, k-liðar í III. kafla í I. og II. viðauka, kemur: úr 2. og 3.

8. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2010.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*